



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

ENSK2FO05

Kennari:	Helgi Þorvaldsson	Sk.st.	HP
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Almennur valáfangi á öðru stig með fótboltaþema þar sem öll vinna, verkefnaskil og próf tengjast efni út knattspyrnuheiminum. Lögð er áhersla á að æfa færniþættina fjóra: lestur, hlustun, tal og ritun til að gera nemendur almennt hæfari í enskri tungu, og til að takast á við nám á 3 stigi. Mikil áhersla er lögð á bæði sérhæfðan og almennan orðaforða.

Undanfari: ENSK2HC05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- almennum og sérhæfðum orðaforða.
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega.
- knattspyrnu sem alþjóðlegu menningarfyribæri.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að lesa sér til skilnings óeinfaldaðan texta ætlaðan enskumælandi fólki.
- að skilja mállýskur og ensku með hreim.
- að tjá sig að öryggi í ræðu og riti um margvísleg málefni sem tengjast innihaldi áfangans.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- starfa undir stjórn enskumælandi leiðbeinanda.
- lesa og hlusta á fjölmiðla sér til gagns.
- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni áfangans.
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í töluðu máli.
- leggja gagnrýnið mat á texta eða talað mál.
- lýsa flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel.
- skrifa gagnorðan, skilmerkilegann og vel uppbyggðan texta.
- gangast undir þau agaviðmið sem tíðkast í hörðum heimi knattspyrnunnar.

Námsefni:

ENS2FO05 Reading Passages fjölrít selt í bóksölu (A4)
Fever Pitch höf. Nick Hornby (A4)
Góð ensk / ensk eða ensk ísl. orðabók
Annað efni frá kennara eða af neti.

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs. Áfanganum verður skipt í fjórar 4 vikna lotur þar sem hver vika verður helguð ákveðnu viðfangi ásamt verkefnum úr Fever Pitch sem skal lesin heima. Hverri 4 vikna lotu lýkur með prófi úr námsefninu (vægi samtals **60%**) Verkefnaskil (á pappír) gilda **20%**. Rafræn verkefnaskil á Moodle gilda **10%**. Ástundun gildir **10%**. Verkefnum á Moodle skal skila fyrir lok þeirrar viku sem þau eru lögð fyrir í. Einkunn (annarra verkefna en Moodle) lækkar um 1,0 fyrir hvern dag sem verkefnaskil dragast. Þeir sem missa af prófum vegna leyfa eða veikinda skv. Innu fá annað tækifæri í síðustu viku annar. Aðeins ein kennslustund verður tekin frá til sjúkraprófa og mega því nemendur ekki missa af meira en 1-2 lotuprófum. Nemendur yfir tvítugt skulu undirrita námssamning og fara eftir honum. Minnt skal á að ritstuldur er stranglega bannaður.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Allir	Lotupróf x 4	60%
Allir	Úrvinnsla texta o.fl. á pappír	20%
Allir	Rafræn verkefni á Moodle	10%
Allir	Ástundun	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34	18. – 19. ágúst	Introduction, Warm-up	Handouts
35	22 – 26. ágúst	Listening / Fever Pitch part 1 pp 1-80	pp.1-20
36	29 – 2 sept.	Reading / Vocabulary / Fever Pitch	pp. 21- 43
37	5 - 9 sept.	Speaking / Fever Pitch	pp. 44 - 62
38	12 - 16 sept.	Writing / Fever Pitch / Progress Test 1	pp. 62 - 80
39	19 - 23 sept.	Listening / Fever Pitch part 2 pp 83-156	pp. 83 – 103
40	26 - 30 sept.	Reading / Vocabulary / Fever Pitch	pp. 103 - 121
41	3 - 7 okt.	Speaking / Fever Pitch	pp. 122 - 142
42	10 – 14 okt.	Writing / Fever Pitch / Progress Test 2	pp. 143 - 156
43	17 - 21 okt.	Listening / Fever Pitch part 3 pp 159-239	pp. 159 - 179
44	24 - 28 okt.	Reading / Vocabulary / Fever Pitch	pp. 180 - 202
45	31 – 4 nov.	Speaking / Fever Pitch	pp. 202 - 223
46	7 – 11 nov.	Writing / Fever Pitch / Progress Test 3	pp. 224 - 239
47	14 – 18 nov.	Reading / Vocabulary	
48	21 – 25 nov.	Listening / Speaking / Writing	
49	28 – 2 des.	Sick Tests / Progress Test 4	